

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024, miðsvæði M5, M6, M8 og athafnasvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

Svæði M6, Ártúnshöfði, Grafarholt: Eftirfarandi setningu er bætt við skilgreiningu svæðanna: „Óheimilt er að reka matvöruverslanir á svæðinu norðvestan Grafarholts“.

Svæði M5, Vatnsmýri, Borgartún, Keldur: Eftirfarandi setningu er bætt við skilgreiningu svæðanna: „Óheimilt er að reka matvöruverslanir á svæðunum nema það sé sérstaklega tekið fram í deiliskipulagi að það sé heimilt“.

Svæði M8, Spöngin, Hallar- og Hamrahlíðarlönd, Blikastaðir: Eftirfarandi setning er felld brott þar sem um villu er að ræða: „Skrifstofur og léttur iðnaður og umboðs- og heildverslanir leyfðar á miðsvæði í Grafarholti“.

Athafnasvæði: Eftirfarandi texta verði bætt við skilgreiningu á athafnasvæðum í kafla 3.1.6: „Óheimilt er að veita leyfi til rekstrar nýrra matvöruverslana á athafnasvæðum“.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 8. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024, undirgögn undir Snorrabraut.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að bætt er við undirgöngum undir Snorrabraut norðan gatnamóta Hringbrautar og Snorrabrautar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 8. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.